

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 22/2006

frá 10. mars 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2005 frá 30. september 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 208/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar fjölhringa, arómatísk vetniskolefni ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/26/EB frá 21. mars 2005 um gerð skráar yfir innihaldsefni í matvælum og efni sem er sleppt til bráðabirgða úr III. viðauka a við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/37/EB frá 3. júní 2005 um breytingu á tilskipunum ráðsins 86/362/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi tiltekinna varnarefnaleifa í og á kornvörum og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, m.a. aldinum og grænmeti ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/389/EB frá 18. maí 2005 um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 856/2005 frá 6. júní 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.
- 7) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/38/EB frá 6. júní 2005 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi eiturefna sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* í matvælum ⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 66, 22.12.2005, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 34, 8.2.2005, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 75, 22.3.2005, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 141, 4.6.2005, bls. 10.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 128, 21.5.2005, bls. 73.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 143, 7.6.2005, bls. 3.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 143, 7.6.2005, bls. 18.

XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
 - „– **32005 L 0037**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/37/EB frá 3. júní 2005 (Stjtíð. ESB L 141, 4.6.2005, bls. 10).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54v (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB):
 - „– **32005 D 0389**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/389/EB frá 18. maí 2005 (Stjtíð. ESB L 128, 21.5.2005, bls. 73).“
3. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001):
 - „– **32005 R 0208**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 208/2005 frá 4. febrúar 2005 (Stjtíð. ESB L 34, 8.2.2005, bls. 3),
 - **32005 R 0856**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 856/2005 frá 6. júní 2005 (Stjtíð. ESB L 143, 7.6.2005, bls. 3).“
4. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 54zzt (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004):
 - „54zzu. **32005 L 0026**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/26/EB frá 21. mars 2005 um gerð skráar yfir innihaldsefni í matvælum og efni sem er sleppt til bráðabirgða úr III. viðauka a við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB (Stjtíð. ESB L 75, 22.3.2005, bls. 33).
 - 54zzv. **32005 L 0038**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/38/EB frá 6. júní 2005 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi eiturefna sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* í matvælum (Stjtíð. ESB L 143, 7.6.2005, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 208/2005 og 856/2005, tilskipana 2005/26/EB, 2005/37/EB og 2005/38/EB og ákvörðunar 2005/389/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. mars 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.